VERKALÝÐS BLAÐIÐ Stéttabaráttan

Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

8.tölublað 9.árgangur 22.4.-5.5.1980 Verð kr. 300,-

„Þetta eru hógværar kröfur"

spjallað við Rúnar Þ. Grímsson og Jónu Magnúsdóttur á Ísafirði

VBL-STB ræddi við Rúnar Þ. Grímsson, háseta á Ísafjarðartogaranum Guðbjarti og stjórnar- og samninganefndarmann Sjómannafélags Ísafjarðar og konu hans, Jónu Magnúsdóttur. Fréttaritari heimsótti þau að kvöldi þriðjudagsins 15. apríl.

Daginn áður hafði Verkalýðs og sjómannafélag Bolungarvíkur undir forystu Karvels Pálmasonar, skorist úr leik og samið sérstaklega við sína atvinnurekendur.

Samningarnir í Bolungarvík

Hvað hefur Rúnar um þessa samninga að segja?

"Þetta eru engir samningar. Það hefði mátt ná þessu fram án þess að segja upp samningum og boða verkfall. Þetta er bara hlægilegt".

Bolvíkingarnir náðu fram örlítilli styttingu uppgjörsfrests, laugardagsfrí á landróðrabátum einum mánuði lengur og lengingu áramótafrís úr 24 í 30 klst. Í fjölmiðlum var sagt, að þeir hefðu náð fram 2ja daga fríi á sjómannadaginn. Hér er um að ræða áður umsamið helgarfrí, en slegið föstu að það skuli bera upp á sjómannadagshelgina.

"Það var búið að ná þessu fram á samningafundinum á Ísafirði fyrir páskana og jafnvel meiru, ekki þó þessari 6 klst. lengingu áramótafrísins.

Ef það er stefna LÍÚ að semja upp á þetta fyrir allt landið fæ ég ekki séð annað en allt fari í hnút milli þeirra og Sjómannasambandsins, sem er nýbúið að leggja fram kröfur sínar fyrir aðildarfélögin."

Hátekjumenn?

"Jú, við höfum hátt kaup, en það byggir á mikilli vinnu. Aðrir hópar hafa hærra kaup fyrir mikla vinnu og svo hafa sumir hátt kaup fyrir litla vinnu.

Það er alltaf talað um toppana. Að meðaltali eru sjómenn fremur illa settir.

Menn, sem hafa talað mikið um gott kaup, hafa komið með okkur í túr og ekki viljað fara annan, þó svo að miklir peningar væru í boði." "Það er alltaf verið að tala um aflatoppana", skýtur Jóna inn í, "en aldrei minnst á hvað útgerðin fær."

Síminn truflar hvað eftir annað. "Þetta er bara til að ýta mönnum saman", segir Rúnar, er hann kemur úr símanum eftir að hafa rætt við kollega sinn um stöðuna.

Landverkafólk missir atvinnu

Það gefst betra tóm til að spjalla við Jónu meðan bóndinn er í símanum. "Ég vann í frystihúsi Norðurtangans í nærri 15 ár, en hætti fyrir 3 árum þegar yngra barnið fæddist. Það er erfitt að vinna frá 2 börnum. Það er leikskóli hér, en hann er orðinn alltof lítill, það tekur 2 ár að komast þar inn með barn.

framh. á baksíðu.

SAMEINING GEGN UNDANSLÆTTI
SAMEINING TIL BARÁTTU

8

Þeir eru allir eins þessir andskotar 2

Sameining 1. maí 3

Borgaralegur þankagangur 7

Áhugasamir félagar enn á ferli 4 5

Stríðsbálin loga Mið-Austurlöndum

Svæðið umhverfis Persaflóa er púðurtunna, þar sem allt getur gerst.

Afganistan er hernumið af Sovétríkjunum, bæði risaveldin naga stoðirnar undan ársgömlu sjálfræði Írans, stríðsástand er á landamærum Íran og Íraks, stjórnmálaástandið í Saudi-Arabíu er ótryggt, Ísrael reynir allt til þess að hrekja gæslulið Sameinuðu Þjóðanna frá Mið-Austurlöndum.

Carter á hálum ís

Stjórnmálaslit Bandaríkjanna við Íran er enn eitt dæmi um misheppnaða aðgerð af hálfu Bandaríkjanna til að fá sendiráðsgíslana látna lausa. Aðgerðin hafði ekki annað í för með sér en ánægjuyfirlýsingu Khomeinis sem Brésneff í Kreml hefur sjálfsagt tekið undir. Því hvað er betra fyrir Sovétríkin en að Íran sé einangrað á alþjóðavettvangi og auk þess að vera á barmi efnahagslegs hengiflugs. Þrýstitilraunir Carters eru helst til þess fólgnar að þrýsta Íran upp í fangið á Sovétríkjunum og víst er að Sovétríkin sleppa ekki tækifærinu til að hremma eitt landið enn.

Sovétríkin í Írak

Um lengri tíma hafa Sovétríkin styrkt stöðu sína í Írak. Fram til síðustu mánaða hefur verið mjög gott samband milli Bangad og Moskvu. Eftir innrásina í Afganistan tók stjórnin í Bagdad upp hlutlausari afstöðu, m.a. greiddi Írak atkvæði með fordæmingu á innrásinni í Afganistan í SÞ.

erlent viðhorf

Afganistan

Öllum fregnum frá Afganistan ber saman um að Sovétríkin mæti bæði meiri og skipulagðari andstöðu í hernaði sínum í Afganistan en þau hafi búist við. Sovéskar hersveitir hafa goldið mikið afhroð í bardögum, þrátt fyrir nýtísku vígvélar. Fyrr í þessum mánuði (apríl) náðu þjóðfrelsishermenn aftur á sitt vald bænum Kama í Kunan-héraði og víðar í því héraði hafa sovéskar hersveitir orðið að hörfa undan.

Það sem helst gæti gerst á næstunni er að Sovétríkin reyni að brjótast út úr þeirri kyrrstöðu sem þau eru komin í í Afganistan með því að ráðast á önnur lönd og reyna að opna leið að Indlandshafi eða Persaflóa. Flóttamenn frá Afganistan og Pakistan greina frá því að nokkur þúsund Balúkistar hafi þegar fengið mikla herþjálfum í því skyni að ráðast inn í pakistanska hluta Balúkistans og æsa þar til uppreisnar sem svo Sovétríkin nota sem átyllu til að blanda sér inn í.

Í viðbragðsstöðu: Hvenær skyldi Ísrael ráðast á okkur aftur? Norskur hermaður í gæsluliði SÞ í Líbanon.

Ísrael gegn SÞ

Í Mið-Austurlöndum er ástandið orðið spennu blandið. Friðargæslusveitir SÞ hafa hvað eftir annað orðið fyrir árásum frá hersveitum Haddads liðsforingja, sem stýrir "einkaher" í Líbanon. Þessi her Haddads er í raun ekkert annað en angi úr herliði Ísraels. Lið Haddads réðst um miðjan apríl á aðalstöðvar friðargæslusveitanna í Nakoura. Þetta gerðist samkvæmt skipun ísraelska hershöfðingjans Avigdor Ben-gal.

Þessar aðgerðir Ísrael eru bein afleiðing þess að Palestínuarabar hafa á undanförnum árum og einkum síðustu mánuði hlotið síaukna viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi. PLO er víða viðurkennd sem fulltrúi palestínsku þjóðarinnar og í nokkrum löndum hefur PLO hlotið opinbera stjórnmálalega viðurkenningu. Aukin viðurkenning PLO hefur þýtt það fyrir Ísrael er ríkið er meira einangrað en nokkru sinni fyrr. Meira að segja sumir hörðustu fylgisnautar sjónistanna í Ísrael úr röðum sósíaldemókrata á Norðurlöndum hafa slakað á afstöðu sinni til PLO.

Í sama potti

Einkennandi fyrir ástandið umhverfis Persaflóann er að bæði risaveldin hræra í málum þar. Sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna er fótum troðinn, hótanir og innrásir koma frá báðum. Afstaðan milli risaveldanna innbyrðis er þó sú að það eru Sovétríkin sem sækja á og Bandaríkin sem eru í algerri vörn. Vörn Bandaríkjanna gæti birst okkur í beinni hernaðaríhlutun á svæðinu og er þá stutt eftir í það að hermenn risaveldanna horfist í augu yfir byssuhlaupunum.

Æ.-

Þeir eru allir eins þessir andskotar

innlent viðhorf

Þórir Daníelsson og Karvel

– Menn geta svo velt því fyrir sér, hvort grundvöllur sé fyrir stórfelldum grunnkaupshækkunum? – –

Eru menn reiðubúnir í harðan slag? Eitthvað á þessa leið, fórust framkvæmdastjóra VMSÍ, Þóri Daníelssyni orð, í sjónvarpinu á dögunum. Og Þorsteinn Pálsson notaði þetta náttúrulega sem rökstuðning fyrir þvergirðingsstefnu VSÍ.

Um miðjan apríl sáum við svo annað dæmi, og sýnu verra, um þjónkun "verkalýðsforingja" við andstæðinginn. Sjómenn á Ísafirði höfðu verið í mánaðarverkfalli. Karvel Pálmason sá að við svo búið mátti ekki standa, og gerði samkomulag við eigendur Bolungarvíkur, Einar Guðfinnsson og fjölskyldu, sem gekk skemur en Ísfirðingar höfðu þá þegar náð.

Þetta eru skýr dæmi um það sem við höfum kallað stéttasamvinnu, samvinnu auðstéttar og forystu verkalýðsins.

Ef við skoðum í þessu samhengi einnig þróun samningamála ASÍ, sjáum við hversu sterk ítök þessi stefna hefur,

Strax í upphafi var farið af stað með undanslátta kröfur, kröfur, sem tóku mið af þeirri stefnu Abl. að verkafólk yrði að leggja fram sinn skerð til lausnar verðbólguvandanum, með því að sýna hógværð í kröfugerð. Framhaldið hefur síðan verið enn lúpulegra en kröfugerðin, ekkert gerst í nær 4 mánuði og kaupið ekki einu sinni stendur í stað, heldur skerðist um a.m.k. 2 1/2% á hverjum ársfjórðungi. Geðþótti atvinnurekenda hefur ráðið því, hvernig þessi mál hafa þróast.

Að vera beggja vegna borðsins

Allt ber þetta merki þess, að verkalýðsforingjarnir vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga. Þetta mætti kannski frekar orða sem svo, að þeir rétt typpli þeim vinstri niður, en stígi æ fastar í þann hægri.

Flest verkalýðssinnað fólk, er löngu hætt að líta á Alþýðuflokkinn sem sinn flokk, en öðru máli hefur gegnt um Bandalagið. Um það hefur meginþorri framsækins fólks fylgt sér, en þó sífellt fleiri út úr neyð.

Undanfarin tvö ár, hefur æ fleirum orðið ljóst, fyrir hvað flokkurinn raunverulega stendur, og hvert stefnir.

Söluskattshækkun, tekjuskattshækkun, útsvarshækkun og kaupbinding (sem í reynd er kjaraskerðing), eru einna algengustu orðin, sem notuð eru, þegar rætt er um Bandalagið og oddvita þess í ríkisstjórninni, fjármálaráðherra.

Einn vinnufélagi minn, sem verið hefur kjósandi Sósíalistaflokksins og Abl. í áratugi, varð tíðrætt um þessi mál og sagði m.a. eitthvað á þessa leið: Þeir eru allir að verða eins þessir andskotar, hvort sem þeir heita Ragnar, Tómas eða Matthías.

Flokksráðsfundur Alþýðubandalagsins. Um Bandalagið fylkja sér sífellt fleiri út úr neyð.

Afnám auðvaldsbúskaparins og arðráns manns á manni er löngu hörfið út úr myndinni hjá þessum foringjum okkar.

Hins vegar felst í þessu víðtækt samráð og samvinna um stjórnun auðvaldsbúskaparins, að ógleymdum ýmsum hlunnindum, sem foringjar okkar fá nótið sem ráðherrar, þingmenn, bankastjórar, fyrir nefndarsetur, fyrir setu í stjórnum ýmissa fyrirtækja o.s.frv.

Jóni heitnum Rafnssyni hefur greinilega verið kunnugt um þessa hættu. Í rímum sínum af Rósinkrans Ívarssyni segir hann m.a.

Oss í móti andherjar
örvum skjóta spillingar
mikinn þjóta markviss þar
mútuspjót og bitlingar.

Við bjóðum betur – segja stéttasamvinnumenn

Ef reyna á að draga saman kjarna stéttasamvinnunnar, mætti e.t.v. segja svo: Hún er pólitísk stefna, sem vill vöxt og viðgang auðvaldsskipulagsins en með víðtækari umbótum en borgaraflokkarnir. Á verkalýðsflokkunum sk. og borgaraflokkunum er því aðeins blæbrigðamunur og innbyrðis keppast þeir um að bjóða sem besta stjórnun auðvaldsbúskaparins.

Gegn stéttasamvinnunni

Það eru þessi öfl sem hafa leitt verkalýðshreyfinguna svo langt frá upprunanlegum farvegi sínum, og sem standa mest í vegi fyrir því að verkafólk geti náð árangri með samtökum sínum.

Sumum hefur þótt sem við höfum höfum lagt of áherslu á baráttuna gegn stéttasamvinnunni, og einstökum verkalýðsforingjum. Við höfum vissulega gert of mikið af því að setja samasem merki milli allra verkalýðsforingja, en hins vegar höfum við lagt of lítið af mörkum við að afhjúpa stéttarsamvinnuforkólfana, því það er ein helsta forsenda fyrir því að að loftvogin í verkalýðshreyfingunni geti farið að stíga á nýjan leik.

R.I.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ Stéttabaráttan
Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Útgefendur: Einingarsamtök kommúnista (m-l) og Kommúnistaflokkur Íslands m-l
Ritstjórar: Eiríkur Brynjólfsson, Ómar Harðarson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðar)
Opnunartími: kl. 8.30 – 12.30 alla virka daga
Sími: 29212
Pósthólf: 5186, 125 Reykjavík
Gírónr.: 27810-6, 12200-9
Prentað í prentsmiðju blaðsins

Hið rétta andlit Karvels

Þegar ljóst var að Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur hugðist fara fram á sérviðræður við eigendur staðarins, Einar Guðfinnsson h.f. í Bolungarvík, vakti það nokkrar vonir um að hægt væri að brjóta skarð í múr atvinnurekendavaldsins á Vestfjörðum og í LÍÚ. Samningsvaldið á sem mest að vera í höndum hinna einstöku verkalýðsfélaga og samningsstaðan á að markast sem mest af félagslegum þroska og stéttarlegum styrk sjálfs fólksins í verkalýðsfélögunum.

En þegar upp er staðið er ljóst að Karvel Pálmason, þingmaður og formaður Verkalýðs- og sjómannafélags staðarins, hafði engan áhuga á að brjóta þetta skarð og og ryðja brautina fyrir sjómenn og landverkafólk annars staðar á Vestfjörðum. Markmið hans var þvert á móti að svínbeygja sjómenn í Bolungarvík, og sjómenn annars staðar í kjölfarið, undir auðvaldið, sundra samstöðunni og ná svikasamningum.

Samningur Karvels við herra sína í Bolungarvík nær svo skammt að hann nær ekki einu sinni upp í það sem liggur þegar á borðinu í samningaviðræðum ísfirskra sjómanna við atvinnurekendur.

Með svikasamningum hefur Karvel Pálmason sýnt sitt rétta andlit gagnvart sjómönnum og landverkalýð Vestfjarða. Hann situr hvorki á þingi né gegnir formannsstöðu í Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur sem fulltrúi fólksins. Hann er handbendi auðstéttarinnar, sem hún nýtir til að rjúfa samstöðu verkalýðsstéttarinnar og beygja hana undir vald sitt.

Verkfall ísfirskra sjómanna er lýsandi fordæmi fyrir allan verkalýð á Íslandi, Ísfirskir sjómenn eru sporgöngumenn í kjarabaráttunni í dag. Það er því mikilvægara sem það verður degi ljósara, að Alþýðusambandsforystan hyggst halda áfram undanlætti gagnvart atvinnurekendum og ríkisstjórn og koma í veg fyrir stéttarbaráttu verkalýðsins.

Það er von okkar hjá Verkalýðsblaðinu-Stéttabaráttunni og alls stéttvíss verkafólks í landinu að svikasamningur Karvels Pálmasonar verði ekki til að rjúfa samstöðu annarra sjómanna á Vestfjörðum, heldur verði til þess að þjappa þeim enn betur saman.

Sameining 1. maí

1. maí næstkomandi er alþjóðlegur baráttudagur verkafólks. Þann dag safnast stéttvíst verkafólk saman, heldur fundi og fer í kröfugöngur til að leggja áherslu á kröfumál sín og alþjóðlega samstöðu.

Undanfarin 8 ár hafa verið haldnar fleiri en ein aðgerð á 1. maí. Svokölluð vinstri samtök, KFÍ/ML, EIK (m-l) og Fylkingin hafa hafnað stéttasamvinnu og þjóðrembingi þeim sem kristallast í 1. maí hátíðahöldum fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Fram til þessa hafa þessi samtök að meira eða minna leyti verið með aðgerðir sitt í hvoru lagi - stöku sinni hafa þau staðið saman, en aldrei til frambúðar.

Á 1. maí í ár hafa hins vegar skapast þær aðstæður í þjóðfélaginu og í alþjóðlegri stétta- og þjóðfrelsisbaráttu, að fyllilega er raunhæft að krefjast samstöðu þessara vinstri samtaka um baráttuaðgerðir.

Öll þessi samtök eru meira eða minna sammála um nauðsyn þess að berjast gegn þjónkun verkalýðsforystu ASÍ við ríkisvaldið - sem stafar beint af þeirri fullu ábyrgð sem borgaralegu verkalýðsflokkarnir, Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn, taka á kreppuráðstöfunum auðvaldsins. Öll þessi samtök eru líka meira eða minna sammála um að auknar viðsjár séu á alþjóðavettvangi. Þau hafa fagnað sigri alþýðunnar í Nicargua, Zimbabwe og Íran, þau hafa snúist meira eða minna gegn hernámi Sovétríkjanna í Afganistan og þau leggja megináherslu á baráttuna gegn aðild Íslands að NATO og brottför bandarísku hersins.

Einingarsamtök kommúnista og Kommúnistaflokkur Íslands hafa í sameiningu tekið mið af þessu og rétt fram hendina til þess að öll framsækin öfl og einstaklingar geti sameinast um kröftugar baráttuaðgerðir 1. maí.

En því miður. Troskistar í Fylkingunni hafa snúist öndverðir gegn öllu samkomulagi. Þeir vilja ekkert taktískt bandalag. Þeir setja fyrir sig almenn ágreiningsatriði, s.s. um afstöðuna til Sovétríkjanna, og neita að sjá mikilvægi sameiginlegrar baráttu gegn stéttsvikum verkalýðsforystunnar og borgaralegu stjórnmálaflokkanna auk mikilvægis þess að íslensk alþýða sýni samstöðu með stríðandi alþýðu heimsins. Þeir vilja bandalag um sína afstöðu alla, en ekki bandalag um þessi höfuðmál.

Allar líkur eru því á því í dag, að þrjár aðgerðir verði á 1. maí eins og undanfarin ár. Ganga og útifundur fulltrúaráðsins. Ganga og útifundur Sameiningar 1. maí og ganga og útifundur Fylkingarinnar.

Gegn þessum vinnubrögðum verður stéttvíst fólk í Reykjavík og um allt land að snúast.

Landsmeðaltöl segja ekkert

Í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins-Stéttabaráttunnar var birt allítarlegt viðtal við Björn Arnórsson, hagfræðing BSRB. Í þessu viðtali afhjúpaði Björn þann veruleika sem liggur að baki útreikningum Þjóðhagsstofnunar á 5% tapi frystihúsanna í landinu.

Það er nefnilega svo, að landsmeðaltöl þau sem liggja á borðinu um tap á tap ofan fela stórgróða margra fyrirtækja og meðaltalsgróða í ýmsum landshlutum. Auk þess verður að líta á að útreikningur Þjóðhagsstofnunar um núverandi stöðu frystiiðnaðarins grundvallast á skattframtölum 1978.

Þegar litið er á bak við landsmeðaltölin kemur t.d. í ljós að frystihús á Vestfjörðum skila stórgróða, skv. eigin skattframtölum.

Allt tal um að atvinnuvegirnir beri ekki kauphækkanir er því út í hött. Sú goðsaga byggir á því að hagnaði og tapi hinna ýmsu fyrirtækja sé dreift samviskusamlega á öll fyrirtækin. Sum fyrirtæki bera ekki kauphækkanir, en samkvæmt skattframtölunum frá 1978 kemur í ljós að frystihús sem hafa 70% af heildarveltu frystiiðnaðarins geta vel boðið verulegar kaupmáttarhækkanir.

Herstöðinni eytt

Fréttastofa Borgþórs S. Kæenested sendi út á dögunum frétt, þar sem m.a. kom fram að samkvæmt uppl. sem fréttastofan hefði aflað sér úr röðum Sovétmanna, myndu Sovétmenn eyða herstöðinni á Miðnesheiði, þar sem þar væri möguleiki á geymslu kjarnorukvopna auk Avaxkerfisins svokallaða.

VBL-STB aflaði sér upplýsinga um þetta Avaxkerfi. Það mun vera eins konar í eftirlitskerfi sem byggist á nýtísku flugvirkjum, sem kallaðar hafa verið fljúgandi verkstæði. Þessar vélar eru búnar fullkomnustu hlustunartækjum og annars konar búnaði.

Upplýsingar Borgþórs eru afar mikilvægar. Í þessu sambandi verðum við einnig að huga að því að herstöðin á Miðnesheiði er hernaðarlega mikilvæg ekki síst í því tilliti að þar er eini alþjóðaflugvöllurinn á Íslandi.

ÓhS

BSRB Samningaþóf fram á haust án verkfallsheimildar

Allt bendir til þess að ríkisvaldinu takist að draga gerð samninga svo að ekkert verði tilbúið fyrr en næsta haust. Í vissu fyrir því að BSRB fari ekki í verkfall í sumar þæfa fulltrúar ríkisins málið. Þá hafa opinberir starfsmenn í 3 ár á samningi sem var lögbundinn tveggja ára samningur. Þannig brýtur ríkisvaldið á rétti opinberra starfsmanna til að starfa samkvæmt gildandi samningum.

Forysta BSRB og samninganefnd stendur ekki heldur vel að sínu. Í mörgu virðist sem haft sé samflot með ríkinu í málaþófinu. BSRB hefur ennþá ekkert gert til þess að afla sér verkfallsheimildar, þ.e. ekki krafist sáttatilboðs til þess að bera undir atkvæði í BSRB. Slíkt sáttatilboð yrði undir öllum kringumstæðum fellt og því gæti BSRB öðlast heimildir til verkfallsboðunar. Með slíka heimild í höndunum væri aðstaða samninganefndar BSRB miklu betri. Linka BSRB-forystunnar hefur átt sinn þátt í að auðvelda ríkisvaldinu málþófið og þetta vinnur gegn hagsmunum félaga BSRB.

Til hvers var að fá þessi formlegu réttindi, þó krókótt séu, ef ekki til þess að nota þau til að þrýsta á um samninga?

Það er mikilvægt að BSRB-forystan efli fjöldastarf samtaka sinna. Það er ekkert svar við mörgum spurningum opinberra starfsmanna að segja að ekkert sé að gerast í samningamálunum. Þegar ekkert er að gerast og 10 mánuðir eru liðnir frá því samningar runnu úr gildi, þá er eitthvað að og mikil þörf á að fleiri taki á til að hnika málunum. Snjöll orð Kristjáns Thorlasíusar eru góð en duga skammt ef ekki fylgja aðgerðir.

Æ.-



Rukkari óskast

Eins og mönnum er kunnugt er Verkalýðsblaðið-Stéttabaráttan rekið fyrir áskriftartekjur að mestum hluta.

Fjárhagur blaðsins er um þessar mundir óvenjulega slæmur, meðal annars vegna þess að áskriftargjöldin innheimtast seint.

Ritnefnd blaðsins hefur þess vegna ákveðið að ráða innheimtumann upp á prósentur og auglýsist hér með eftir honum.

Áskrifendur blaðsins eru rúmlega 1100 þannig að þetta verða sæmilegar aukatekjur fyrir rukkarann og bjargvættur blaðsins ef vel tekst til.

Þeir sem hefðu áhuga á þessu eru beðnir að snúa sér til ritnefndar blaðsins hið fyrsta.

Ritstjóri.



Höfundur Esperantos, Zamenhof.

Mynd frá Esperantoþinginu sem haldið var á Íslandi 1977. M´Bow aðalritari Unesco gengur til sætis síns en hann var gestur þingsins.

Esperanto

Hér birtum við grein eftir "Esperantista" um alþjóðatungumálið Esperanto og þýðingu þess í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni og fyrir jafnrétti þjóða í milli. Greinarkorn þetta var of langt til að hægt væri að birta það í heilu lagi. Lesendur verða því að bíða (spenntir) eftir að næsta tbl. VBL–STB kemur út í byrjun maí.

Alþjóðahyggja

Vonandi hefur það ekki farið fram hjá neinum lesanda Verkalýðsblaðsins–Stéttabaráttunnar að við kommúnistar kennum okkur við alþjóðahyggju. Sú tegund alþjóðahyggju sem við aðhyllumst er nánar tiltekið alþjóðahyggja öreiganna sem táknar að við teljum það skyldu okkar að styðja öreiga annarra landa í baráttu sinni gegn hvers kyns kúgun og arðrán jafnframt því sem við tökum þá skyldu á herðar okkar að berjast einarðlega gegn þeim armi heimsauðvaldsins sem drottnar yfir okkar eigin landi. Þessi tegund alþjóðahyggju er sérstök fyrir okkur kommúnista; einungis kommúnistar gefa alþjóðahyggjunni á þennan hátt byltingarsinnað inntak.

En auk þessa stéttarinntaks þá táknar alþjóðahyggjan fyrir okkur jafnrétti þjóða í samskiptum sín í milli og jafnrétti allra einstaklinga án tillits til þjóðernis. Þetta þýðir að við erum á móti hvers kyns misrétti þjóða í milli á hvaða formi sem það kann að vera. Sömuleiðis stefnum við að því að afmá allt misrétti manna í milli sem stafar af þjóðerni eða kynþætti þeirra.

Alþjóðasinnar

Við kommúnistar erum ekki einir um að berjast fyrir jafnrétti þjóða á alþjóðavettvangi og gegn kynþáttastefnu. Fjöldinn allur af hópum, félögum og einstaklingum er okkur samferða í þeirri baráttu. Má þar t.d. nefna baráttuhópa gegn heimsvaldastefnu, friðarsamtök o.fl. Ekki er hægt að neita því að í mörgum tilvikum höfum við ekki lagt slíka rækt sem skyldi við samstarf, samvinnu eða stuðning við sum þessara samtaka. Oftlega höfum við látið nægja að benda á óneitanleg áhrif sósíalheimsvaldasinna innan sumra þeirra og afgreitt þau með sem endurskoðunar- og gagnbyltingarsinnuð. Einnig kemur fyrir að við látum einfaldlega sem viðkomandi samtök séu ekki til eða komi okkur ekki við.

Dæmi um hið síðastnefnda er að allan þann tíma sem Stéttabaráttan og Verkalýðsblaðið hafa verið gefin út hafa þau ekki eytt einu einasta orði á hina alþjóðlegu Esperantohreyfingu, og það þó að árið 1977 hafi verið haldið alþjóðlegt Esperantóþing með yfir þúsund þátttakendum víðsvegar að úr heiminum á Íslandi.

Það er því greinilega tími til kominn að kynna fyrir lesendum VBL–STB í nokkrum orðum hvað Esperanto er og hvert markmið Esperantohreyfingarinnar er í grófum dráttum.

Tilurð Esperanto

Fyrir um það bil einni öld síðan voru gerðar fjölmargar tilraunir til að skapa alþjóðamál sem nota mætti í samskiptum þjóða í milli. Þetta var bein afleiðing af iðnvæðingunni miklu og tilkomu alþjóðlegra stétta, borgarastéttarinnar og öreigastéttarinnar. Samskipti milli landa jukust gífurlega og ein af hindrununum fyrir því að þessi samskipti yrðu enn meiri, nánari og næði til almennings voru tungumálaörðugleikar. Þá eins og enn þann dag í dag var ekki nema lítill minnihluti manna sem hafði vald á fleiru en einu tungumáli, hvað þá mörgum. Þeir sem töluðu erlendar tungur voru yfirleitt yfirstéttamenn en almúginn var oft alinn upp í andúð á öðrum þjóðum.

Höfundur Esperantos, Zamenhof, var einn af þeim fjölmörgu sem áleit að breyta þyrfti þessu ástandi. Þjóðir heimsins þörfnuðust einhvers einfalds, auðlærðs og tjáningarríks tungumáls sem hver og einn gæti notað í samskiptum sínum við einstaklinga af öðrum þjóðernum hvaðan úr heimi sem hann væri. Þar sem Zamenhof áleit að öll samskipti milli þjóða heims yrðu að byggjast á jafnrétti þá hafnaði hann þeirri hugmynd sem komið hafði fram að gera bæri einhverja þjóðtunguna að alþjóðamáli (á þessum árum var t.d. sterk hreyfing fyrir því að gera frönsku að slíku máli því að franska var langmest notuð af öllum tungumálum í milliríkjaviðskiptum og á alþjóðaráðstefnum í þá tíð). Ef neyða ætti allar þjóðir heims til að nema tungu einhvers stórveldisins þá veitti það þegnum viðkomandi stórveldis ótvíræða yfirburði í samskiptum við aðrar þjóðir, væri í raun og veru viðurkenning á yfirburðum viðkomandi stórveldis og því viðurkenning á drottnunar- og heimsvaldarétti þess, jafnframt því sem slík lausn þýddi stórkostlega hættu fyrir menningu og sjálfstæði allra annarra þjóða.

(frh. í næsta tbl.)

Áhugasamir

Áhugasamir félagar BSRB hafa undanfarið safnað undirskriftum undir eftirfarandi kröfu:

> Við undirrituð skorum á stjórn og samninganefnd BSRB að halda nú þegar fund fyrir almenna félaga BSRB í því skyni að efla samstöðu innan hreyfingarinnar um þá baráttu sem framundan er. Á fundinum verði staðan í samningaviðræðunum kynnt og rætt um áframhaldandi baráttu til að fylgja kröfum samtakanna eftir.

Undirskriftasöfnuninni hefur yfirleitt verið vel tekið, að sögn eins af þeim áhugasömu. Hann tók fram, að söfnunin væri takmörkuð við nokkra vinnustaði.

Stjórn BSRB veitir sannarlega ekki af þessari hvatningu. Stjórnin hefur til þessa afsakað seinaganginn í samningaviðræðunum með óvissu sem ríkt hafi í þjóðmálum síðustu mánuði. Einnig hefur verið talað um að félagsmenn séu áhugalausir. Sá grunur læðist þó að mörgum, að aðild Alþýðubandalagsins að núverandi ríkisstjórn og þeirri sem sat fyrri hluta síðasta árs og reyndar fram á haust eigi sinn þátt aðgerðaleysi BSRB–stjórnarinnar. Hún þyrfti óneitanlega að sýna í verki næstu vikur að svo væri ekki, ef grunurinn á ekki að verða að vissu.

Vbl. leitaði álits tveggja áhugasamra félaga stöðu samningsmálanna o.fl. og fara viðtölin hér á eftir.

Þ.

Frá fundinum á Egilsstöðum.

8. mars fundur á Egilsstöðum

Sökum lélegra póstsamgangna hérlendis barst okkur eftirfarandi frásögn og mynd af baráttufundi 8. mars á Egilsstöðum of seint til að hægt væri að birta í síðasta blaði.

Konur á Egilsstöðum tóku sig til og héldu mjög vel heppnaðan fund á alþjóðlega baráttudaginn 8. mars. Aðdragandinn var sá að nokkrar konur hittust upp úr áramótum og ákváðu að hefja undirbúning að baráttufundi. Konurnar bjuggu til dreifirit og dreifðu í hús á Egilsstöðum. Í dreifiritinu var dagurinn kynntur og konur hvattar til að taka þátt í undirbúningi.

Auk þess sem skemmtiefni var undirbúið voru fengnar ræðukonur, þær Elsa Árnadóttir, bóndi, Húsey, Fellahreppi, Guðrún Tryggvadóttir, meinatæknir, Egilsstöðum og Bryndís Þórhallsdóttir, verkakona, Stöðvarfirði.

Fundurinn var haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum í ófrágengnum sal. Til skreytingar var haldin sýning á ýmsum verkum kvenna af Héraði. Sýningin samanstóð af málverkum, listvefnaði, almennum vefnaði, sokkaplöggum o. fl.

Í hléi var selt gos og samlokur, smurðar sérstaklega fyrir þetta tækifæri.

Það væri gaman ef þessi fyrsti 8. mars fundur á Egilsstöðum yrði aðeins byrjun á áframhaldandi kvennastarfi þar. Þá hefðum við tvær vígstöðvar á Austurlandi sem láta kvennabaráttuna ekki sofna Þyrnirósarsvefni. Hinn staðurinn er Neskaupstaður – en þar voru konur einnig með dagskrá 8. mars.

Konur á Hallormsstað fylktu liði á Egilsstaðafundinn. Þær hafa verið með virkan bókaklúbb í vetur sem hefur reynst þeim mjög reynsluríkur og skapað mikla þjóðfélagsumræðu. Þetta geta fleiri tekið sér til fyrirmyndar sérstaklega á minni stöðum.

Að lokum er vert að geta þess að margir komu langt að á fundinn og var hann mjög fjölmennur.

–fréttaritari

Skattamálin

Almenningur á von á a.m.k. jafnhárri skattlagningu í ár og sl. ár samkvæmt upplýsingum Ragnars Arnands í Þjóðviljanum 12 apríl sl. Almennt má segja, að skattar lækki fyrir hjá einstaklingum en hækki hjá hjónum ef báði vinna úti og eiginkonan hefur tekjur yfir 2 milljónir. Skattar þeirra sem lægst hafa launin hækka þar sem lægsta skattprósentan hefur nú verið hækkuð úr 20% í 25% auk þess sem útsvar hækkar úr 11% í 12%. Skattstigar hafa enn ekki verið samþykktir þegar þetta er skrifað, en allt bendir til að 25% leggist á fyrstu 3 milljónir hreinna tekna, 35% leggist á næstu 4 milljónir og 50% skattar á tekjur yfir 7 milljónir. Persónuafsláttur verður líklega 525 þúsund fyrir hvern einstakling, (1.050 þúsund hjá hjónum), barnabætur 150 þúsund með fyrsta barni en 215 þúsund með öðru og fleirum. 65 þúsund bætast við fyrir börn yngri en 7 ára og barnabætur til einstæðra foreldra verða 285 þúsund.

Það er langt í frá að skattar lækki eins og borgaralegu flokkarnir höfðu á orði fyrir kosningarnar í des. sl. Má segja að skattar hækki hjá þorra launbega. Hér kemur fleira til en tekjuskattur og útsvar. Söluskattur hefur verið hækkaður um 1.5%, sem ávallt kemur harðast niður á láglaunafólki og barnmörgum heimilum.

Að lokum leggur Vbl. til að bætt verði í stærsta gat nýju skattalaganna og gífurlegur verðbólgugróði, sem safnast hefur á fárra hendur sl. 10 til 15 ár, verði skattlagður.

Þ.

félagar enn á ferli

1. Lítill vilji ríkisvalds til umræðna og linka í BSRB-forystunni.
2. Ef þú meinar hreyfing í samningamálum get ég ekki svarað öðru en því sem heyrst hefur í fjölmiðlum. Samninganefnd BSRB hefur skipað tvær undirnefndir,

1. Hvað veldur seinagangi á samningamálunum?
2. Er einhver hreyfing framundan?
3. Telur þú tímabært, að stjórn BSRB skipuleggi aðgerðir til að knýja fram samninga? Ef svo er, hvers konar aðgerðir telur þú heppilegar?
4. Telur þú, að svigrúm sé til grunnkaupshækkana?
5. Hvert er álit þitt á félagsmálapakka ríkisstjórnarinnar?

Helga Jóhannesdóttir:
Halda verður fund um samningamálin

önnur fjallar bara um kjaramál og hefur hafið umræður um kröfugerðina nema launastigann og hin nefndin fjallar um félagsleg réttindi og hefur einnig hafið fundi.

3. Tvímælalaust ætti stjórn BSRB að gera allt sem hægt er til að knýja fram samninga nú. BSRB-forystan hefur verið lin við að upplýsa hinn almenna félaga um kröfugerðina og hefur þar af leiðandi ekki fundið mikinn þrýsting frá þeim. En þó er hópur sem kallar sig "Áhugasama félaga" sem hefur reynt að þrýsta á samningagerð. Nú síðast með undirskriftasöfnun um kröfu um opinn fund um stöðuna í samningamálunum.

Slíkur fundur gæti orðið til að fleiri létu sig málið varða á virkari hátt og samninganefnd BSRB sæi að þessi eilífi seinagangur dugi ekki.

4. Já.
5. Félagsmálapakkinn felur í sér takmarkaðar réttarbætur sem eru að sjálfsögðu góðar en hann er ekki kjarabót.

1. Kratastjórnin sem sat í haust taldi sig ekki hafa umboð til að semja um eitt eða neitt við opinbera starfsmenn og núverandi ríkisstjórn dregur meðvitað samningaviðræðurnar á langinn. Stjórn og samninganefnd BSRB hefði fyrir löngu átt að vera farin af stað með fundarhöld og hvetja til samstöðu um einhverjar aðgerðir. Afhverju ekki að reyna skæruverkföll t.d. póstmenn í verkfall einn daginn, tollverðir annan og svo framvegis. Slíkar aðgerðir kæmu hreyfingu á samningamálin. Við getum ekki beðið öllu lengur.

2. Það er erfitt að segja til um það. Upplýsingastreymið frá forystunni er ekki mikið, en þó hittast samningsaðilar af og til. Ég hef heyrt að það sé undirskriftasöfnun í gangi um stöðuna í samningamálunum og hvað sé framundan.

3. Svarið við þessari spurningu kemur fram hér að ofan í svari mínu við 1. spurningu.

Eiríkur Ellertsson:
Við getum ekki beðið öllu lengur

4. Ef við lítum í kringum okkur sjáum við að mörg fyrirtæki eru síður en svo á kúpunni, meira að segja hlýtur að vera stórgróði hjá mörgum ef tekið er mið af fjárfestingum þeirra og var ekki 270 milljón króna gróði hjá Arnarflugi að frádegnum afskriftum? Ríkisvaldið á að klípa meira í verðbólgugróðann og borga opinberum starfsmönnum mannsæmandi kjör.

5. Í félagsmálapakkanum eru mörg mikilvæg hagsmunamál svo sem aukinn samningsréttur og atvinnuleysistryggingar o.fl. En það lifir enginn á slíku einu saman, grunnkaupshækkanir verða líka að koma til. Þar fyrir utan eigum við ekki að þurfa að versla með sjálfsögð félagsleg réttindi.

Skipakaupamálin felld niður

Ríkissaksóknari hefur tilkynnt, að ekki sé ástæða til frekari aðgerða vegna fjársvikanna við skipakaupin frá Noregi, sem námu eins og kunnugt er hundruðum milljóna alls. Þessum málalokum hafði verið spáð hér í VBL fyrir áramót er blaðið fjallaði ítarlega um málið. Aðild að fjársvikamálum þessum eiga flestir forsvarsmenn útgerðarauðvaldsins allt frá minni spámönnum upp í þingmenn og jafnvel ráðherra. Það var allan tímann lítil hætta á að ríkisvaldið færi að hrófla við eigendum sínum.

Guðmundarmálið skálkaskjól.

Að sögn ríkissaksóknara tók hann ákvörðun um að fella málin niður eftir að hafa kynnt sér sýknudóm sakadóms Reykjavíkur í Guðmundarmálinu, en það mál var talið fyrnt. Fjársvik við kaup á Guðmundi Re árið 1972 námu 200.000 nkr. sem nema 17 milljónum ísl. kr. á núverandi gengi. Hér var um "minni háttar" fjársvik að ræða miðað við fjársvikin almennt og málið auk þess langelst. Má segja að dómur í Guðmundarmálinu sé notaður sem skálkaskjól í orðsins fyllstu merkingu til að fella niður nýrri og mun alvarlegri fjársvikamál. Meðal annars hefur verið upplýst, að við kaup á Seyðisfjarðartogaranum Gullbergi árið 1977 hafi fjársvikin numið 1.400.000 nkr. sem nema 119 milljónum ísl. kr. í dag. eða sjö sinnum hærri fjárhæð en fjársvikin í Guðmundarmálinu. Þetta er hneyksli. Milljónatugir hafa verið sviknir af almannafé átölulaust. Og þeir eru enn að.

Æ

Skipakaupamálin felld niður

RÍKISSAKSÓKNARI hefur ritað Rannsóknarlögreglu ríkisins og Seðlabanka Íslands bréf þess efnis, að ekki sé ástæða til frekari aðgerða í þeim skipakaupamálum, sem fyrrnefndar stofnanir hafa verið með til rannsókna undanfarna mánuði, en þau skipta tugum.

Þórður Björnsson ríkissaksóknari sagði í samtali við Mbl. í gær að hann hefði tekið þessa ákvörðun eftir að hafa kynnt sér dóm sakadóms Reykjavíkur í Guðmundarmálinu, en þar voru eig-

Afganir berjast ekki í þágu Bandaríkjanna, en

„VIÐ FÖGNUM HVERS KONAR AÐSTOÐ“

Í áttunda áratugnum, málgagni marx-lenínista í Þýskalandi (MLD) birtist í lok febrúar viðtal við fulltrúa Félags afganskra stúdenta erlendis (FASE). Hér birtum við úrdrátt úr þessu viðtali:

Áttundi áratugurinn: Margir eru þeirrar skoðunar að afganska þjóðin geti ekki einsömul staðið í jafn öflugu herveldi og Sovétríkjunum. Hvaða möguleikar eru fyrir hendi á stuðningi við Afganistan?

FASE: Hér verður maður að gera sér grein fyrir því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem Afganistan er hernumið af útlendum herveldum. Landið var hernumið tvisvar í 1. og 2. heimsstyrjöldinni af Englendingum. Þá börðust Afganir tómhentir gegn bresku árásarmönnunum og frelsuðu föðurland sitt. Í dag höfum við líka þá trú á þjóð okkar, að hana bresti ekki hug til að sparka Rússum úr Afganistan. Það er að vísu létt að segja þetta, þegar það er athugað að við erum nú að fást við hættulegasta risaveldið, búið nýtískuvopnum. Önnur lönd geta veitt Afganistan hlutlægan stuðning með pólitískum aðferðum, fyrst og fremst með því að leggja áherslu á réttmæti frelsisbaráttu afgönsku þjóðarinnar. Efnislegur stuðningur við frelsisbaráttuna er nauðsynlegur, t.d. læknislyf, fé, fatnaður og vopn að sjálfsögðu.

áá: Er einhver hlutlægur möguleiki á að rússneska herliðið hverfi frá Afganistan í fyrirsjáanlegri framtíð?

FASE: Við álítum að Rússar muni ekki draga herlið sitt einfaldlega út úr Afganistan. Það er heldur ekki eina markmið þeirra að hernema Afganistan heldur að nota landið sem stökkpall til Indlandshafs og til að ná yfirráðum yfir Persaflóa. Ef Rússar finna fyrir því að önnur lönd, vestræn og islömsk, gera ekkert gegn hernámi þeirra í Afganistan munu þeir ekki hverfa á brott. Ef Rússar vilja draga sig til baka þá eru tvær ástæður mikilvægastar: Í fyrsta lagi andófið í Afganistan og í öðru lagi viðbrögð annarra landa, einkum islamskra en einnig Vesturlanda, t.d. með áróðri fyrir hundsun á Olympíumleikunum eða með viðskiptabanni.

áá: Bandaríkin eru ekki síður risaveldi, en hvernig ber að skoða núverandi utanríkispólitík þeirra?

FASE: Já, við erum þeirrar skoðunar að Bandaríkin séu heimsvaldaland, en veldi Bandaríkjanna hefur sett verulega niður vegna frelsisbaráttu margra landa og ríkja. Sovétríkin eru því hættulegri að þau hafa reynt að fela rétt andlit sitt bak við bróðurleg orð og vináttusamninga, gagnstætt Bandaríkjunum sem alltaf beittu vopnum strax og kenndu fólki að líta á sig sem óvin. En Rússar drepa milljónir þegar þeir hernema land eða koma því undir áhrifasvæði sitt. Það sér maður nú í Afganistan, milljónir manna verða að flýja land sitt og hálf milljón hefur látið lífið í sprengjuárásum og ógnarverkum Rússanna.

Ég álít að Bandaríkin séu bundin höndum og fótum í dag gagnvart Sovétríkjunum. Þau eru ekki nógu öflug til að hefja 3. heimsstyrjöldina. Til þess liggja einnig aðrar ástæður, t.d. hafa Bandaríkin glatað mörgum vígstöðvum, s.s. í Iran eftir írönsku byltinguna. Hún var mikið áfall fyrir bandarísku heimsvaldastefnuna, á sama hátt og ósigurinn í Víetnam. Þetta hafa Sovétríkin notfært sér, sem upprennandi heimsvaldasinnar, í og með því að þau hafa hafið stríðið í Afganistan.

áá: Bandaríkin berjast fyrir sínum hlut í uppskiptingu heimsins. Á hvaða hátt getur barátta þeirra gegn Sovétríkjunum verið jákvæð?

FASE: Við álítum að það séu tvær herbúðir sem fordæma innrás Rússa í Afganistan. Í fyrsta lagi frjálshyggjuskandi, andfasískir og lýðræðissinnar. Á hinn bóginn eru afturhaldssamtök og heimsvaldalönd sem berjast gegn stefnu Sovétríkjanna á grundvelli eigin hagsmuna. Það síðasta á t.d. við um Bandaríkin. Afganska þjóðin veit hins vegar að þær þúsundir og milljónir fórnarlamba í baráttunni fyrir frelsi og sjálfstæði Afganistan láta ekki lífið í þágu hagsmuna Bandaríkjanna. En hvers konar aðstoð, hvers konar áróður og viðbrögð gegn sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna er á þessari stund fagnað sem góðum hlut.

(lausl.snarað af óhs)

Norska olíuævintýrið:

Lífríki og mannslífum ógnað

Meira en 200 manns hafa týnt lífi við vinnu á olíusvæðunum í Norðursjó fyrir "Alexander Kiekkand" slysið.

Höfundur sjónvarpsþátta sem sýndir voru í Norska sjónvarpinu í janúar fullyrða að þá þegar hafi 235 manns misst lífið, þar af 116 á breska svæðinu og 102 á norska svæðinu og aðrir á svæðum sem Danir, Hollendingar, V-Þjóðverjar og Írar ráða. Höfundar sjónvarpsþáttanna gáfu síðar út bók um olíuævintýrið í Norðutsjónum, "Det brutale oljeeventyret".

Annar höfundanna, Björn Nilsen, hefur nú gert nýjan sjónvarpsþátt um olíuævintýrið í ljósi slyssins mikla á "Alexander Kielland". Hinn höfundurinn er þegar byrjaður á nýrri bók um slysið.

Búist var við því að norska ríkisstjórnin endurskoðaði fyrri ákvörðun sína um að hefja tilraunaboranir við N-Noreg eftir olíu, eftir slysið. Svo verður ekki og þykir mörgum græðgin í olíuauðæfin vera farin að ganga einum of langt. Með því að hefja boranir við N-Noreg er ekki aðeins ógnað öllu lífríki og fiskimiðum n-norskra sjómanna, heldur líka lífi þeirra þúsunda olíuverkamanna sem við þessar boranir fást.

N-norsku sjómenn eru þegar farnir að undirbúa aðgerðir gegn borpöllunum þegar þeir koma á fiskimiðin.

Íslenska sjónvarpið ætti að taka til sýningar þá þætti sem norska sjónvarpið hefur gert um olíuna í Norðursjónum. Þar fengju þeir sem hugsanlega hafa þá flugu í kollinum að það væri fengin gróði að bora eftir olíu við Ísland þeirri flugu útrýmt.

Æ.-



"Henrik Ibsen" systurpallur "Alexanders Kielland" hallast þegar ein af flotsúlunum bilaði. Súlan nam við botn og er ekki að vita hvernig hefði farið ef pallurinn hefði verið í dýpri sjó.



Condeep-pallur í byggingu. Frá lagereiningunum neðst og upp eru um 180 metrar. Ofan á þetta kemur svo stáldekkið þar sem borturninn og önnur tæki koma. Lagareiningarnar og turnarnir standa á botni þegar pallurinn er kominn í gagnið á olíusvæðinu í Norðursjónum.

skiptar skoðanir

Kreddan er slæmt varnarvopn

Loksins er umræðan um stríðshættuna og hervarnir farin af stað. Einhverjir reyna að gera veður út að því að aðrir vogi sér að ræða um hervarnir og skoða stöðu NATO útfrá raunverulegri stöðu alþjóðamála. Það er langt um liðið frá 1949. Það er leitt að sjá menn gera úr umræðunni meintan stuðning við NATO. Það hefur enginn lýst slíku yfir úr röðum kommúnista. Til viðbótar hélt ég að eikarar væru búnir að gera upp við kredduna sem segir að andstæðingurinn sé alvondur, að eilífu, og allt sem hann tekur sér fyrir hendur, hvar sem er, sé fordæmanlegt og ekkert annað. Einu sinni neitaði ráðherranefnd EBE að styðja sprengjuárásir Bandaríkjamanna í N-Víet Nam þrátt fyrir beiðni Bandaríkjanna. Við höfum ekki efni á að fela jarðbundnar athuganir og umræður á bak við léleg kappræðubrögð og kreddur. Sjái menn ekki vaxandi stríðshættu, nauðsyn hervarna ofl. skulum við ræða það, en ekki hvort hernaðarsamvinna við einhvern (ekki endilega NATO) sé leyfileg eða ekki. Var ekki bresk/bandarísk herseta "leyfileg" í síðasta stríði?

Ég hefi sýnt fram á í Dagblaðinu og Morgunblaðinu (förtudaginn 11.4.) að varnir NATO í norðri eru gagnslitlar og byggðar á úreltum áætlunum. Ennfremur er líklegt að NATO ætli sér að gefa Ísland á bátinn eftir viðvaranir frá stöðvunum hér. Í bili vil ég því hafna NATO-aðild og finna lausn á góðum almannavörnum

Að lokum tvær spurningar: – Hvers vegna er rangt að fara fram á margefldar NATO-varnir á Íslandi? Hvers vegna er vopnlaust hlutleysi best?

Ari T. Guðmundsson

Mikilvæg umræða um Stalín –

Nokkrar umræður hafa að undanförnu farið fram í VBL-STB um afstöðu okkar til Stalíns. Hún er þörf og tímabær vegna þess að afstaða okkar og mat á starfsaðferðum heimshreyfingar undir leiðsögn Stalíns er mikilvæg nú þegar við erum að leggja grunninn að kommúnistaflokki.

Ég tel þó lítinn möguleika á því að þessar umræður um Stalín geti leitt til nokkurrar endanlegrar og uppbyggjandi niðurstöðu sé þeim ætlað að fara eingöngu fram á síðum VBL-STB. Eigi að gera því tæmandi skil þá nægja þær örfáu síður sem blaðið býður upp á engan veginn.

Ég legg því til að einhvern tímann í náinni framtíð verði boðað til umræðufunda um Stalínstímabilið og heimshreyfinguna. Niðurstöðurnar mætti birta í stuttu máli í VBL-STB.

Það er mikilvægt að hafa í huga að Stalín var maður síns tíma og umhverfis. Pólitísk afstaða hans og ákvarðanatekt var bundin þáverandi þjóðfélagsástandi innan Sovétríkjanna og heimsástandi. Þannig var t.d. samyrkjubúnum komið á með vopnuðum verkamannasveitum í andstöðu við þorra bænda vegna ónógrar reynslu verkalýðsstéttarinnar. Að álíta að þessi mistök séu sérstök mistök Stalíns er söguleg vanþekking eða díalektískt skilningsleysi.

Að lokum örfá orð um þá punkta sem "Hans" og "G" minnast á: Seinni heimsstyrjöldin sá Stalín leggja meira traust á fjöldann en nokkur annar þjóðhöfðingi á þeim tíma. Ef til vill var það frekar ofurtraust fjöldans á Stalín sem varð sósíalismanum í Sovét að falli og gerði Krússeff auðveldara um vik.

Það verður að viðurkennast að óneitanlega er sérkennilegt að meirihluti miðstjórnar flokksins frá t.d. 11. þinginu skyldi síðan verða uppvís að "njósnum" og skotinn, svo og pólitíska nefndin frá 1922, tveir yfirmenn leynilögreglunnar o.s. frv.

Að síðustu vil ég benda "G" á að Stalín beitti ekki marx-leníniSmanum sem trúarkenningu (kreddu) eða alhæfði í riti sínu um "Díalektíska og sögulega efnishyggju" (jafnvel þótt Mao hafi sagt að þar væri að finna frumspeki). Skilgreiningar hans eru ekki tæmandi og mættu vera skýrari, en það er rangt að hann bendi ekki á mikilvægi þess að skoða hlutina í heildarsamhengi. Vil ég benda "G" á að leggja fram rök fyrir máli sínu, hann getur snúið sér til ritstjórnar og sent mér rökstuðning sinn beint. Óþarfi er að breyta VBL-STB í fræðilegt deilurit.

KK
(allverulega stytt)

Gagnrýnum byltingarsinnann Stalín –

Örfá minningarorð um Stalín í 1. tbl. VB 1980 hafa hrundið að stað ritdeilum um karlinn. Ég er í öllum meginatriðum sammála Hansi heppna í 3. tbl. VB en vil þó árétta fáein atriði.

Persónan –/g snýr út úr fyrir Hansi á þann hátt að varla er hægt að svara henni.

Meðal aðalatriða málsins er það að Stalín var ekki gagnbyltingarsinni. Þaraf-leiðandi höfum við marx-lenínistar varið hann með oddi og egg gagnvart árásum þeirra sem telja vilja hann óalandi og óferjandi. Skiljanleg afstaða og raunar óumflýjanleg. Við lögðum hins vegar of mikla áherstu á að túnda kostina og afstaða okkar var hálf-tilfinningaleg. Afstaða –/g er sennilega þannig enn þá. Reyndar voru villur viðurkenndar, en: Stalín var samt góður. Þetta þykir öllu venjulegu fólki yfirmáta skrítið viðhorf.

Ég tel hins vegar að mikilvægara sé að uppræta villurnar – gagnrýna. Ég hygg að villur Stalíns (eða þær sem þrifust á hans dögum) og alls konar öfgar af kínverskri fjórmenningaætt séu afdrifaríkari fyrir starf okkar á 8. áratugnum en hingað til hefur verið álitið. Hans gerir villum Stalíns nokkur skil. Rúmið leyfir ekki ítarlegri umfjöllun.

Ein villa marx-lenínista er sú að trúa engum nema marx-lenínistum. Rannsóknarniðurstöður annarra, væru þær ekki leiddar út frá skrifum Marx, Engels, Lenín, Stalíns og Maós, voru taldar húmbúkk eitt. Ekkert, sem stendur í VB-STB, á heldur að vera hafið yfir gagnrýni. Það kemur jafnvel fyrir að endurskoðunarsinnar hafa rétt fyrir sér en við trúum þeim ekki af því að við höfum stimplað það fyrirfram eftir ákveðnum formúlum og í svart-hvítum litum.

BALDUR

Frá ritstjóra

Mikið er mannskepnan undarleg. Hér höfum við reynt að ýta undir umræðu um stríðshættuna, NATO, herinn og verkefni kommúnista á Íslandi með tilliti til aukinnar spennu á alþjóðavettvangi og viti menn, ritsnillingar hreyfingarinnar hafa mestan áhuga á að tala um Stalín.

VBL-STB er ekki á móti umræðu um Stalín. En við viljum að menn haldi sig við jörðina. Það er fræðilegt áhugaefni en ekki "realpólitískt" að karpa um hvort frumspeki sé að finna hjá meistara Stalín Ef á annað borð á að þjarka um villur og mistök hans ættu menn að sjá sóma sinn í að athuga að hvaða leyti við erum að endurtaka þessar villur hér og nú.

Sú litla umræða sem verið hefur um alþjóðaástandið og verkefni okkar hefur ekki fært okkur mikið fram á veg. Eru marx-lenínistar með eða á móti NATO? Þetta var spurningin sem VBL-STB varpaði fram í næst síðasta tbl. Umræðan í blaðinu hefur ekki gefið svör við henni. Þessara svara verður að leita utan dálka blaðsins. Í drögum að stofnfundarsamþykkt sameiginlegs félags marx-lenínista á Íslandi (þess sem EIK og KFÍ rembast við að stofna þessa dagana) segir m.a.:

Kommúnistar "vilja mynda samfylkingu til varnar sjálfræði þjóðarinnar. Í því skyni taka kommúnistar þátt í baráttunni gegn veru Íslands í NATO og veru erlends herliðs í landinu um leið og tryggja verður að bráðri styrjaldarhættu verði mætt með aðgerðum sem vernda þjóðina sem best fyrir styrjaldartjóni.

Það verður greinilega að bíða betri tíma að fylla upp í þessa stefnuyfirlýsingu með taktískum áætlunum um hvernig verja eigi þjóðina styrjaldartjóni. Nú skulum við hins vegar fylkja okkur einhuga með Samtökum herstöðvaandstæðinga um kröfuna Ísland úr NATO – herinn burt.

óhs

Efnahagsmálatillögur Alþýðubandalagsins

Hér birtum við 4. og síðasta hluta greinaflokksins um efnahagsmálatillögur Alþýðubandalagsins. Hann fjallar um hvernig afstaða flokksins til félagslegs reksturs samrýmist ekki marxískri speki.

Í fyrri hlutum var fjallað um hvernig tillögur flokksins um framleiðniaukningu og aukna samþjöppun í yfirbyggingunni leiðir ekki sjálfkrafa til hagsbóta fyrir alþýðuna og hversu fjarri sósíalisma þessar tillögur eru.

Borgaralegur þankagangur

Ekki verður skilið svo við efnahagsmálatillögur Alþýðubandalagsins án þess að minnast á hugmyndir þess um félagslegan rekstur.

Með félagslegum rekstri á flokkurinn jöfnum höndum við ríkisfyrirtæki, almenningshlutafélög og samvinnufélög. Efling og fjölgun slíkra rekstrarforma á, skv. hugmyndum "marxista" Bandalagsins að tryggja að sjónarmið og hagsmunir vinnandi alþýðu verði höfð í öndvegi.

Öll þessi rekstrarform eru jú félagslegs eðlis. Um það verður ekki deilt. En – eru þau ósamrýmanleg auðvaldsrekstri? Abl. segir já. Marxistar neita því.

Ríkisrekstur

Ríkið er ekki eign allrar þjóðarinnar, þaðan af síður alþýðunnar. Ríkisvaldið varð til í sögunni til að vernda hagsmuni ríkjandi stéttar. Íslenskt ríkisvald varð til að vernda og gæta hagsmuna íslenskrar borgarastéttar. Lagasetningar, framkvæmdavald (tilskipanir, lögregla) og dómstóll (sbr. skipakaupamálin) sýna þetta glöggt.

Íslenska ríkisvaldið hefur gripið inn í efnagagslífið með beinum aðgerðum hvarvetna sem auðhr. hafa reynst of smáir og vanmegna. Dæmi þessa eru Landsvirkjun, ríkisbankarnir, bæjarútgerðir, Póstur og sími o.fl., o.fl.

Spurningin um hverjum ríkisrekstur þjónar er ávallt spurning um hvaða stétt ræður ríkisvaldinu. Í því máli skiptir engu hvaða stjórnmálaflokkur fer með völd á Alþingi.

Almenningshlutafélög

Tvö af stærstu auðvalds-(einokunar-) fyrirtækjum þessa lands eru byggð upp sem almenningshlutafélög: Flugleiðir og Eimskip. Öll helstu fjölþjóðafyrirtæki heimsins eru byggð upp á sama hátt. Slík félagsleg form eru ekki ósamrýmanleg auðvaldsþjóðfélaginu eins og eldur er vatni. Síður en svo. Þau leiða ekki af sjálfu sér til sósíalisma.

Hins vegar kallar aukning og efling slíkra rekstrarforma enn meir á sósíalíska umbyltingu þjóðfélagsins. Móthverfan milli hins félagslega eðlis slíkra fyrirtækja og tileinkunar lítillar einokunarauðklíku á fjármagni, framleiðslu og hagnaði þeirra verður æ skarpari.

Samvinnurekstur

Varðandi samvinnurekstur nægir að benda á SÍS. Í Sambandinu eru tæp 40.000 félagsmanna. En í öllum stjórnum þess og hliðarfyrirtækja eru aðeins 25 (tuttugu og fimm) menn sem fara með öll völd.

Gegn þessu má auðvitað tefla fyrirtækjum eins og Rafafl og Samafl.

Þar á móti verður að benda á að öll kaupfélögin, þ.á m. KRON sem varð á sínum tíma til fyrir forgöngu sósíalista, upphófust á sama hátt – sem virk alþýðuhreyfing. Engu að síður hafa þau öll með tölu þróast til fámennisvalds. Hvers vegna?

Einfalt svar er varla til. Eitt atriði gnæfir þó ofar öðrum. Samvinnufyrirtæki, verða eins og önnur fyrirtæki í auðvaldsþjóðfélagi að skila gróða. Gróða þessum er ekki skipt milli félagsmanna heldur látinn renna til frekar uppbyggingar. Hér er jú félagslegt átak á ferðinni. Smám saman skapast fámennur hópur atvinnumanna sem hefur það að aðalmarkmiði að ráðstafa fjármagninu. Þessi hópur tileinkar sér stærri hluta sameiginlegs sjóðs félaganna. Eftir nokkra áratugi fer þessi hópur í vaxandi mæli að viðhalda sjálfum sér og kemst þá í beina stéttarlega andstöðu við þorra félagsmanna. Dæmi um endurnýjun af þessu tagi er Samvinnuskólinn að Bifröst, þar sem kaupfélagsstjóra og "samvinnu" forstjórabörn hafa forgang.

Ekki marxistar

Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að forystumenn og "hugmyndafræðingar" Alþýðubandalagsins eru kannski ekki illviljaðir menn og eins víst að þeir vilja skapa hér á landi þjóðfélag sem þjónar alþýðunni. En marxistar eru þeir ekki, heldur þenkjandi eftir brautum borgaralegrar hugmyndafræði. Þannig verður allur atgangur þeirra ekki til þess að skapa hér þjóðfélag vinnandi stétta heldur þvert á móti til að efla ríkjandi þjóðskipulag og – það fylgir með – ríkjandi einokunarborgarastétt.

ÓHS

Sókn Víetnama mistókst

Í viðtali við tímaritið Far Eastern Economic Review hefur Pen Sovan, maður sá sem talið er að leysi muni leppinn Heng Samrin af hólmi viðurkennt að Pol Pot hafi á að skipa umtalsverðu herliði. Hingað til hafa Víetnamar og leppar þeirra í Phnom Penh ekki viljað viðurkenna þetta. Pen Sovan segir í viðtalinu að Pol Pot hafi 12–13 þúsund hermenn. Vestrænir fréttamenn telja liðið vera um 20 þúsuns, en kamptúseanska stjórnin segir liðið vera um 50 þúsund manns. Þess má geta að herlið Pol Pot stjórnarinnar var um 70 þúsund mann þegar Víetnam réðst inn í landið. Viðtalið við Pen Sovan afhjúpar líka að síðasta sókn Víetnama í Kamptúseu hefur algerlega misheppnast. Nú fara í hönd regntímar en þá er víetnamski herinn nær algerlega lamaður, en skæruliðar eiga auðveldara með að sækja fram. Fréttamenn velta því fyrir sér hvort komið sé að tímamótum í stríðinu um Kamptúseu, að skæruliðar Pol Pot og aðrir hópar skæruliða nái að snúa blaðinu við og hefja sókn á hendur her Víetnams. Fulltrúar stjórnar Pol Pot í Bangkok segja stjórn sína reiðubúna til að fallast á vopnahlé ef Víetnam hverfi á brott með lið sitt frá Kamptúseu og Sameinuðu Þjóðirnar hafi síðan eftirlit með almennum kosningum í landinu. Þessum skilmálum neitar leppstjórnin í Phnom Penh.

Æ.-



Um hugmyndafræði Marx

Út er komin ritgerðin Um hugmyndafræði Karls Marx eftir Hrein Pálsson. Hún er ritgerð hans til BA-prófs í heimspeki og sögu við HÍ og gefin út af höfundi. Kverið, sem er fjölritað, er 82 bls. Með heimildarskrá og formála.

Höfundur veltir í ritgerðinni fyrir sér spurningunni hvort marxismi Marx og Engels sé hugsýn eða vísindi. Ritgerðin skiptist í 4 meginkafla. Í þeim fyrsta fjallar hann um útópíska sósíalisma (hugsæissósíalisma) og gagnrýni Engels á hann og þá sem aðhylltust hann. Hreinn kemst að þeirri niðurstöðu að Marx og Engels hafi verið þeir fyrstu sem bent hafi á ákveðna leið til framkvæmdar draumsýnum útópistanna. Leið þessi hefur löngum verið nefnd "vísindalegur sósíalismi" (sjá bls. 16 í ritgerðinni).

Í öðrum kafla gerir höfundur grein fyrir hugmyndum ýmissa heimspekinga um einstakling og samfélag. Í þriðja kafla rekur hann nokkuð hugmyndafræði Karls Marx og metur hana. Í fjórða kafla og í lokaorðum reynir hann að meta spurninguna um hvort marxisminn sé hugsýn eða vísindi. Niðurstaða hans er í sem allra stystu máli sú að marximinn sé samofinn úr þremur þáttum: vísindalegri söguskoðun, pólitískri hugmyndafræði og útópískum hugsýnum sem sé oft erfitt að greina á milli og nefnir höfundur dæmi um það (sjá t.d. bls. 71). Að lesa ritgerð Hreins ætti ekki að minnka skilning á marxismanum og notagildi hans.

Höfundurinn, Hreinn Pálsson, er 24 ára Ólafsfirðingur. Hann varð stúdent úr Félagsfræðideild Menntaskólans á Akureyri vorið 1975 og hefur sl. 5 ár stundað nám í heimspeki, sagnfræði og uppeldisfræði við HÍ.

Ritgerðin mun m.a. fást í Októberbúðinni í Reykjavík.

Baldur

Úr sögu KFÍ

Út er kominn bæklingur eftir Ingólf Á. Jóhannesson, sagnfræðinema, sem ber heitið Úr sögu Kommúnistaflokks Íslands. Í ritinu eru tvær ritgerðir. Sú fyrri og lengri fjallar um æskulýðsstarf kommúnista á 3. og 4. áratugnum og Samband ungra kommúnista. Í niðurstöðum segir Ingólfur m.a.: "Mér virðist að afstaða KFÍ til starfs meðal æskufólks hafi verið rétt í meginatriðum. Lauslegur samanburður við skrif þekktari marxista bendir til þess að kommúnistar hafi gert sér far um að kynna sér hvernig fara skyldi að og komist að svipuðum niðurstöðum og þeir marxistar sem ég skoðaði æskulýðsskrif eftir. Hins vegar tel ég að flokkurinn hafi vanrækt að veita æskulýðsstarfinu trausta forystu eins og réttilega kemur fram í niðurstöðum 3. þings KFÍ 1935..... Ég tel að þetta afskiptaleysi flokksins hafi verið alvarlegasti þröskuldurinn á vegi þess að SUK yrði nokkurn tímann virkilegt fjöldafélag verkalýðssæskunnar og leiðtogi hennar í daglegri baráttu."

Ritfregn

Síðari ritgerðin fjallar um skoðanabaráttuna innan KFÍ undir yfirskriftinni "Réttlínustandið". Í kaflanum Nokkrar ályktanir segir Ingólfur: "Ég tel að vopninu gagnrýni/sjálfsgagnrýni hafi verið misbeitt og að sú misbeiting hafi orðið til þess að notkun þess lagðist af.... Það er athyglisvert að flokkurinn kom út úr þessari eldraun styrkari en fyrr. Flokksfélagar drógu sig aldrei í hlé úr daglegri baráttu þrátt fyrir innanflokksátökin. ... Ég hefi grun um að stefnubreyting KFÍ hafi verið mun viðtækari en stefnubreyting Kominterns."

Bæklingurinn, Úr sögu Kommúnistaflokks Íslands, er 64 bls. að stærð í brotin DIN A5 og gefinn út á kostnað höfundar. Ritið mun fást í Októberbúðinni og kosta kr. 3.000.-

VERKALÝÐSBLAÐIÐ Stéttabarátttan

8.tbl. 9.árg. 22.4.-5.5. 1980

Lausasala: kr. 300
1.árs áskrift: kr. 5.000
Stuðningsáskr: kr.10.000
Áskr. til útl: kr. 8.500

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

1. maí ávarp 1980

SAMEINING GEGN UNDANSLÆTTI – SAMEINING TIL BARÁTTU –

Borgarastétt landsins veltir efnahagsvanda sínum yfir á herðar verkalýðsins. Kaupbinding, skattahækkanir, félagslegur niðurskurður, gengisfellingar ásamt áframhaldandi óðaverðbólgu er ríkjandi stefna þrátt fyrir fögur fyrirheit. Til framgangs þessari stefnu reiðir auðstéttin sig einkum á þinglið Alþýðubandalagsins. Sá stjórnmálaflokkur nýtir sér forystustöðu sína innan verkalýðshreyfingarinnar til að lama baráttu stéttarinnar fyrir bættum kjörum og auknum réttindum.

Á 1. maí í ár verða 4 mánuðir liðnir frá því samningar voru lausir hjá ASÍ og 11 mánuðir frá því samningar voru lausir hjá opinberum starfsmönnum. Hjá báðum samböndum hefur gengið afar seint að semja og leggja fram kröfur. Þaðan af síður hafa verið uppi áætlanir um beinar aðgerðir, s.s. verkföll, til að knýja á um samninga.

Verkalýðsforystan og stjórnmálaflokkur hennar, Alþýðubandalagið, láta sig hagsmuni atvinnuveganna (les: auðstéttarinnar) meiru skipta en hagsmuni alþýðunnar í landinu.

Í dag blasir sú staða við öllum þorra verkalýðsstéttarinnar, að ef á að takast að ná fram einhverjum kjara- og réttindabótum verði hin einstöku félög og félagsmenn þeirra að taka málin í sínar hendur. Það dugir ekki að reiða sig á borgaralega stjórnmálaflokka eða undanlátssama forystu innan verkalýðshreyfingarinnar.

Það skal enginn álíta að kjara- og réttindabætur til handa alþýðu manna séu lítil nauðsyn í dag, eða nauðsyn sem verður að víkja fyrir "þjóðarhag". Það er skrítinn þjóðarhagur sem segir að hagur 80% þjóðarinnar sé lítilsháttar.

Laun verkafólks í landinu eru það lág að til þess að fólk geti haft í sig og á verður það að leggja á sig gífurlega vinnu. Til þess að sjá fyrir heimili er algengt hjón þurfi að vinna samanlagt 90-100 tíma á viku, auk þess sem börnin eru send út á vinnumarkaðinn strax og færi gefst til að afla tekna.

Mikil brotalöm er einnig á öðrum sviðum. Jafnréttisbaráttan á enn langt í land, laun kvenna eru að jafnaði allnokkuð lægri en karla fyrir sambærileg störf. Dagvistunarpláss eru mun færri en þörfin. Aðbúnaður og öryggi á vinnustöðum eru víða neðan við lágmark. Á farandverkafólk er litað sem þriðja flokks vinnuafl og aðbúnaður og kjör eftir því. Atvinnuleysistryggingarsjóður er notaður óspart til fjárfestinga fyrir auðstéttina á sama tíma og atvinnuleysingjar fá aðeins 70-80% af lægstu verkamannslaunum í bætur. Hér er fátt eitt upp talið.

Það er ljóst að ríkisstjórn og atvinnurekendur, með beinu og óbeinu liðsinni nokkurra verkalýðsforingja, stefna að því að versla með þann hluta félagslegra krafna, sem kosta lítið sem ekkert, gegn því að verkalýðshreyfingin falli frá launa- og réttindakröfum sínum. Á 1. maí leggjum við áherslu á að í engu verði gefið eftir gagnvart þeim kröfum ríkisvalds og atvinnurekenda, að kjarabæturnar megi ekki kosta mikið.

1. maí er alþjóðlegur baráttudagur verkafólks. Alþjóðaástandið einkennist í dag af auknum viðsjám. Að sönnu hefur alþýðan brotist undan kúgunarvaldi heimsvaldastefnunnar í Zimbabwe, Nicaragua og Íran. En á sama tíma auka risaveldin vígbúnað sinn og undirbúa þriðju heimsstyrjöldina.

Sovétríkin hertaka Afganistan, veita Víetnömum öflugan hernaðarstuðning við þjóðarmorð þeirra í Kampútseu og hjálpa herforingjastjórninni í Eþíópíu við að brjóta frelsisbaráttu Eritreumanna á bak aftur.

Jafnvel þótt Bandaríkin hafi sett ofan á undanförnum árum, hafa þau ekki látið af vígbúnaðar- og yfirgangsstefnu sinni. Þau eru hættulegur óvinur alþýðu heimsins, þó að þau standi ekki í beinum hernaðarátökum í dag.

Barátta Íslenskrar alþýðu gegn aðild Íslands að NATO og veru bandarískra herstöðva á landinu er mikilvægur skerfur hennar til frelsisbaráttu alþýðu heimsins gegn heimsvaldastefnu og yfirgangi.

Andófið gegn bandarískra hernum og aðildinni að NATO er liður í baráttunni fyrir sjálfræði íslensku þjóðarinnar í eigin málum. Stöðin á Miðnesheiði er auk þess bein ógnun við Íslendinga þar sem hún býður hættunni á hernaðarátökum í landinu heim.

Jafnframt þessu ber að snúast gegn ásælni erlendra auðhringja á Íslandi og sýna samstöðu með baráttu erlendra alþýðu við fjölþjóðafyrirtæki, s.s. í Guatemala gegn manndrápum Kóka-kóla auðhringsins.

Sameining 1. maí leggur fram eftirfarandi aðalkjörorð á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðs í ár:

1. Gegn undanslætti í kjaradeilunni - samninga strax.
2. Gegn fámennisvaldi í verkalýðshreyfingunni - treystum á eigið afl.
3. Fullt jafnrétti kynjanna.
4. Heri Sovétríkjanna burt úr Afganistan.
5. Ísland úr NATO - herinn burt.

„Þetta eru hógværar kröfur"

framh. af forsíðu.

Þessi vinnustöðvun kemur illa niður á fólkinu í landi, sem hefur verið sagt upp", heldur Jóna áfram. Í mörgum tilfellum eru bæði hjónin starfandi hjá fyrirtækjunum, geta þá bæði verið atvinnulaus, eða konan atvinnulaus og maðurinn í verkfalli. Ef fólk hefur haft yfir 5 milljónir í tekjur á síðasta ári, eða makinn, þá fær það ekki atvinnuleysisbætur. Það hafa margir haft yfir 5 milljónir, því hér er unnið myrkranna á milli og allt félagslíf nærri útdautt. Þetta á ekki bara við um fiskvinnuna, heldur er einnig mjög mikil byggingavinna og vinna við rækju og fleira."

Jóna segist vera alveg sammála þessu verkfalli hjá sjómönnunum. "Þetta eru það hógværar kröfur. Ég gæti skilið útvegsmenn, ef þeir væru að biðja um 20% kauphækkun."

Ísfirðingar tóku af skarið

"Það er dálítið sérstakt, að þetta er eina félagið, sem setur fram kröfur og fer í verkfall," segir Rúnar. "Venjan er orðin sú, að samningum er sagt upp um áramót og síðan eru samningaviðræður dregnar fram eftir öllu ári og fólk á að vinna samningslaust á meðan.

Hverjum er þetta að kenna? Hvort það er almennt verkalýðsforystan í landinu eða fólkið sjálft? Ég myndi halda að það væri forystan. Hún virðist komin mjög neðarlega og öll í gegnum flokkspólitík.

Þeir hafa sjálfsagt viljað, að við sætum kyrrir þar til Sjómannasambandið fer af stað.

Það gengur varla að semja fyrir allt landið í heild. Landshlutarnir hafa sína sérstöðu á ýmsan hátt. Til dæmis hafa vestfirskir sjómenn haft hálfu prósenti meira í skiptaprósentu en tíðkast annars staðar síðan 1976, við höfum 29,3%, en aðrir 28,8%. Víða eru sjómenn á línubátum yfirborgaðir, þ.á m. víða á Vestfjörðum, en hér á Ísafirði er aðeins greitt eftir samningum.

Olíusjóðurinn hneykslí

Upphaflega var tekið 15% af óskiptum afla. Það er eitt stærsta hneykslið í sögu sjóðakerfisins. Þá keyrðu mörg skip á ókeypis olíu. Þegar því var komið á, sagði Óskar Vigfússon, að sjómannastéttin vildi ekki hagnast á vanda útgerðarinnar!

Með löggjöfinni nú um daginn lækkaði olíusjóðurinn úr 5% niður í 2,5%. Við slógum þá af kröfunni sem því nam og viljum, eftir sem áður, að sjóðurinn falli alveg úr gildi. Við erum að berjast gegn því, að sjóðakerfið fari aftur á fullt. Uppstokkun sjóðakerfisins var knúin í gegn með stöðvun alls flotans 1976. Þáverandi sjávarútvegsráðherra lofaði þá, að sjóðakerfið yrði skorið alveg niður og sjóðir myndu hverfa smátt og smátt."

Langur aðdragandi

Rúnar neitaði því, að deilu þessa hefði borið mjög brátt að.

"Það var byrjað að ræða um nýja samninga strax fyrir áramót. Þá var samþykkt á fundi, að sjómenn skráðu sig ekki í skipsrúm á nýja árinu, nema upp á væntanlega samninga. Þegar átti að leggja úr höfn kl. 4 á nýársdag, þá var það almennt, að menn höfðu neitað að skrá sig. Síðan var gert samkomulag við útgerðarmenn um að halda fund 15. janúar. Af því gat ekki orðið, þar sem samninganefndin var úti á sjó. Fyrsti fundurinn var því haldinn í byrjun febrúar. Við ætluðum að semja tímanlega fyrir vertíðina, en vorum eiginlega kveðnir í kútinn með það."

Horfur á lausn?

"Ég vona að það fari að gerast eitthvað innan tíðar. Það er hart, ef menn þurfa að vera í löngu verkfalli til að knýja fram ekki stærri kröfur en um er að ræða. Þetta eru hógværustu kröfur, sem bornar hafa verið fram af Sjómannafélagi Ísafjarðar í áraraðir að dómi sjómanna.

Þetta virðist vera alveg ný stefna, sem er verið að taka í samningagerð almennt í landinu. Hingað til hefur alltaf verið hægt að semja hér án þess að það væru tilkvaddir menn sunnan úr Reykjavík."

Fréttaritari